

Mál nr. 347/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Brunatrygging húseigna.

Gildissvið váttryggingar. Sönnun tjónsatviks.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 26. október 2022 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V, dags. 16. nóvember 2022, ásamt afriti tölvupósts dags. 26. október 2022, skoðunarskýrslu AQ-rat ehf. og úrskurði nefndarinnar í máli 124/2019.

Málsatvik.

M lýsir því í málskoti að bruni hafi átt sér stað í bökunarofni í húseign hans hinn 15. október 2022 með þeim afleiðingum að hliðar á innréttingum beggja vegna við ofninn brunnu sem og framhlið á ísskáp. Í tjónstilkynningu M til V sama dag kemur fram að kviknað hafi í innréttingu út frá Myndir af innréttingu við hlið bökunarofns fylgja málskoti. Í gögnum málsins er einnig skoðunarskýrsla frá AQ-rat ehf. þar sem segir um orsök tjóns: „Óvíst hvað olli skemmdum á innréttingu, þetta tengist amk bakaraofni en virtist við prufun virka, þe enga bilun að sjá á almennri virkni“

M telur að bæta eigi tjón hans á innréttingu úr brunatryggingu húseigna hjá V þar sem öll ummerki sé um eldsvoða séu fyrir hendi. M vísar til þess að íbúi íbúðar hafi komið tímanlega að og ef hann hefði ekki gert það hefði allt brunnið inni í íbúðinni.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur tjón M ekki falla undir gildissvið brunatryggingar húseignar. V vísar til 1. gr. 1. kafla váttryggingarskilmála fyrir þá váttryggingu þar sem segir að váttryggingin bæti beint tjón á hinu váttryggða af völdum eldsvoða. Þar segir einnig: „Váttryggingin bætir ekki tjón af eldi sem ekki verður talinn eldsvoði, s.s. tjón á munum sem verða fyrir eldi eða hita við upphitun, suðu, þurrkun, reykingar eða þess háttar og brenna af þeirri ástæðu eða skemmast.“ V vísar einnig til skoðunarskýrslu aðila sem sendur var til að skoða aðstæður eftir tjónstilkynningu M og þess sem þar komi fram um að engin merki þess að orsök tjónsins væri að rekja til eldsvoða og vísar til þess að myndir bendi frekari til þess að hiti frá bakaraofni hafi valdið sviðnun á innréttingu.

Álit.

Í gögnum málsins er ekki að finna aðra lýsingu á atvikum en kemur fram í tjónstilkynningu M til V og það sem kemur fram í málskoti M. Hvorki í þeim gögnum né í skoðunarskýrslu AQ-rat ehf. er að finna sönnun um að eldsvoði hafi orðið í húseign M, né er hægt að sjá með greinilegum hætti af ljósmyndum af tjónsvettvangi að eldsvoði hafi orðið, frekar en að hluti innréttinga hafi sviðnað vegna hita. Í 1. gr. 1. kafla váttryggingarskilmála er gildissvið brunatryggingar húseigna V afmarkað og þar er gert að skilyrði að eldsvoði hafi orðið. Af almennum reglum um sönnun í váttryggingarétti verður ekki annað ráðið en að M beri sönnunarbyrði um að tjón hans falli undir gildissvið brunatryggingar húseignar hans hjá V. Sú sönnun liggur ekki fyrir í þeim gögnum sem lögð hafa verið fyrir nefndina og á M því á grundvelli þeirra ekki rétt til greiðslu bóta úr brunatryggingu húseignar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr brunatryggingu húseigna hjá V.

Reykjavík, 13. desember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir